Bréf til Vilhjálms Þ.Gíslasonar skólastjóra. Hvað þarf langan tíma til þess að telja upp að einni milljón? 15.

4 blöð og 1 miði.

mín. á 1. kl.tíma á 1 degi
75×60 = 4500 × 8 = 36000.

tölur mín. tölur
75 – 60 = 75×60 = 4500 (Þ: á 1 kl.tíma

mín. tölur mín.
60 – 4500 – 480 = 480×4500 = 2160000 : 60 = 36,000

15 / 1

120 / 8 eða 4500×8 = 36 ~~000~~ – (1,000,000 : 36000 = ~~999,900.~~ ~~27 3/4~~ 27,775

27,775 × 36000 = 999,900 –

1000000 : 36

36/1000 (27,7
72
280
252
280

Herra skólastjóri Sighv. G. Gíslason!

Heiðraði vinur!

Og þótt ég taki eftir því, að þér gerðuð ráð fyrir því í erindi yðar áðan, „um daginn og veginn", að menn mundu eigi gera sér rétta grein fyrir því, hversu há tala væri um að ræða, þar sem ein miljón væri. Það er víst alveg rétt, að almenningur veit það ekki, hefir e.t.v. lítið um það hugsað og sjaldnast þurft að brjóta heila sinn um það. En skyldi hann verða nokkru nær, þótt honum væri bent á, að hugsa sér <u>áttastunda vinnudag</u> – eða er það ekki hæsta krafan, sem nú er gjörð til vinnunnar? – og tíma þennan ætti hann að nota til þess að telja <u>75 á mínútu hverri</u>, en sú tala er þá miðuð við hraða þann, sem <u>æðaslögin</u> hafa á mínútu hverri í heilbrigðum, fullorðnum manni. Kæmist hann þá að raun um, að dagsverk hans væri að telja 54,000 [45.000] og að hann þyrfti <u>22 [27.775] daga og 2 stundir</u> til þess, að ljúka við að telja eina miljón!

Væri hraðara talið, 100, – naumast væri unnt að draga andann að eðlilegum hætti, t.d. 125 á mínútu, tæki það 16 daga og 6 stundir! – Vitanlega mundi enginn endast til þess einn dag – þótt að eins áttastunda dagur væri – að standa vinnu þessa né þola þvílíka vinnuhörku, jafnvel þótt hann ætti von á að fá „Bretakaup" að dagsverkinu loknu: Hann væri hniginn dauður niður, áður en „útborgunin" kæmi til greina.

Herra skólastjóri Vilhj. Þ. Gíslason!

Ég þóttist taka eftir því áðan, í erindi yðar í útvarpinu „um daginn og veginn", að þér gerðuð ráð fyrir að almenningur mundi naumast gera sér rétta grein fyrir því, hversu há tala væri um að ræða þar sem 1 miljón væri.

En skyldi mönnum verða það nokkuð ljósara eða til betri skilnings, ef þeim væri bent á, að hugsa sér átta-stunda vinnudag, telja æðaslögin 75 á mínútu hverri, og á þessa lund komast að raun um hversu lengi hann væri að telja eina milljón og að hann sæi, vinna þessi tæki hann 25 daga og 2 stundir. Talan 75 er miðuð við hraða þann sem æðaslögin hafa í heilbrigðum manni.

En væri hraðinn tekið, t.d. 125 á mínútu, svo hratt, að naumast er unt að draga andann svo eðlilegt sé, þá tæki það 16 daga og 6 stundir. Vitanlega mundi enginn maður endast til þess eins einasta dag að stunda vinnu þessa, hversu vel sem borgað væri, jafnvel þótt „Akta-kaup" væri greitt

Þér gerðuð ráð fyrir því í útvarps-erindi yðar í kvöld – „um daginn og veginn" – að almenningur mundi naumast geta gert sér grein fyrir því, hversu háa tölu væri að ræða.

Herra skólastjóri Vilhj. Þ. Gíslason!

Heiðraði vinur!

Ég þóttist taka eftir því, að þér gerðuð ráð fyrir því, í erindi yðar áðan, „Um daginn og veginn", að almennt mundi það eigi öllum ljóst, hversu há tala væri um að ræða þar sem miljónin er, og er það víst rétt: Menn vita það ekki, hafa e.t.v. lítið um það hugsað og sjaldnast þurft að „brjóta heilann" um það. En skyldi almenningur verða nokkru nær, ef honum væri bent á að hugsa sér svona dæmi:

Hann hugsar sér áttastunda-vinnudag, er hraustur og heilbrigður og vill telja á dagstöðu sín, eina miljón að tölu, en þar má gera ráð fyrir að séu 75 að tölu á mínútu hverri. Hversu lengi mundi hann þurfa að „vinna" (telja) þar til hann næði hinni eftirsóttu tölu? Svar: 27,778 daga!

— Hann mundi telja 4,500 á kl.tíma eða 36,000 á dag.

Teldi hann hraðara, t.d. 125 á mínútu, mundi hann telja 7500 á kl.tíma eða 60,000 á dag og „klára" verkið á ca. 16 3/4 dögum! — Hann mætti aldrei „líta upp úr", og naumast anda á sér eða frá, heldur telja og telja í belg og biðu, unz verkinu væri lokið. „Þetta er ljóta verkið", mundi hann segja, enda mundi það verða honum svo erfitt, jafnvel fyrsta daginn, að hann yrði ekki fær um að taka á móti „kaupinu" sínu, þótt „þetta kaup" væri og til mikils að vinna og verkinu lokið daginn þann. 45/60 = 3/5.—

75/125 = 3/5. — 36/60 = 3/5 og ca. 16 3/4 / ca. 27 3/4 = 3/5. Hlutföllin eru því nærri vegi að vera rétt í báðum dæmunum, en engin ábyrgð á því tekin, að rétt sé reiknað, heldur er nú þetta bent til athugunar og gamans.